



API tenging fyrir WooCommerce verslanir í Vöruleit Já


Svona tengir þú netverslunina þína beint við Vöruleit Já og tryggir að allar upplýsingar uppfærast þar oft á dag.

Ná í Product Feed plugin

Athugið: Hægt er að nota hvaða plugin sem er sem styður Google Shopping feed. Hér notum við **Product Feed PRO for WooCommerce**, sem er ókeypis.

Byrjaðu á því að sækja [Product Feed PRO for WooCommerce](#).

Farðu í **Product Feed Pro** flipann vinstra megin og búðu til nýtt feed.



Stillingarnar sem þú setur inn eru eftirfarandi:

- Project name: **ja-feed**
- Country: **Iceland**
- Channel: **Google Shopping**
- Include product variations: **Checked**
- File format: **XML**
- Refresh interval: **Hourly**

General feed settings	
Project name*	ja-feed
Country:	Iceland
Channel:	Google Shopping
Include product variations:	☒
Only include default product variation:	☐
File format:	XML
Refresh interval:	Hourly
<button>Save & continue</button>	



Vistaðu og haltu áfram. Næst þarf að tengja vöruupplýsingarnar úr vefversluninni þinni við rétt gildi. Meiri og betri gögn munu bæta sýnileikann þinn í vöruleit Já.is.

	GOOGLE SHOPPING ATTRIBUTES	PREFIX	VALUE	SUFFIX
☐	gid ▾		Product Id ▾	
☐	gtitle ▾		Product name ▾	
☐	gdescription ▾		Product description ▾	
☐	glink ▾		Link ▾	
☐	gimage_link ▾		Main image ▾	
☐	gavailability ▾		Availability ▾	
☐	gprice ▾	ISK	Price ▾	
☐	gitem_group_id ▾		Item group ID ▾	
☐	gbrand ▾			
☐	gtin ▾			
☐	gmpn ▾			
☐	gidentifier_exists ▾		Plugin calculation ▾	
☐	gcondition ▾		Condition ▾	
☐	gitem_group_id ▾		Item group ID ▾	

Þessa reiti þarf að fylla út svona:

- id > Product Id
- title > Product name
- description > Product description
- link > Link
- image_link > Main image
- availability > Availability
- price > Regular price
- item_group_id > Item group ID

Við mælum með að fylla þessa hér út líka:

- brand > Custom attribute
- gtin > Custom attribute
- mpn > Custom attribute
- sale_price > Sale price
- sale_price_effective_date > Sale price effective date
- google_product_category > Category
- product_type > Category (not used for mapping)
- shipping > Shipping
- color > Custom attribute
- size > Custom attribute
- pattern > Custom attribute
- material > Custom attribute
- age_group > Custom attribute
- gender > Custom attribute




Vistaðu og haltu áfram. Næst er það þörun á flokkum. Hér getur þú parað vöruflokkana þína við Google Shopping flokkana. Við notum þessar upplýsingar til að flokka vörurnar þínar í vöruleit Já. Við mælum með að þú gerir þetta til að bæta sýnileikann þinn í vöruleit Já.is.

Vistaðu og haltu áfram. Næst getur þú síað hvaða vörur eiga að birtast á Já.is. Yfirleitt þarf ekki að síá neinar vörur.

Næst eru það mælingar (tracking). Þú getur notað þetta til að mæla hversu margar heimsóknir þú færð frá vöruleit Já.is. Settu Ja.is sem campaign source. Vistaðu og þú ert búin/n að setja upp feedið.

Nú sérð þú lista yfir þau feed sem þú átt.



Smelltu á stillingar (tannhjólið), afritaðu hlekkinn á feedið sem þú bjóst til og sendu á tengiliðinn þinn hjá Já.is eða á sala@ja.is.